

- 61 Aðeins þær lifrabræðslur geta orðið ábyrgðarinnar aðnjótandi, sem senda
20. marz framangreindar skýrslur fyrir tilgreindan tíma og hafa komið lýsi sínu til við-
skiptamanna sinna í Reykjavík í síðasta lagi fyrir 10. apríl n. k.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 20. marz 1950.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

- 62
22. marz

AUGLÝSING

um breyting á símtala- og símskeytagjöldum til útlanda og póstburðargjöldum til útlanda, annarra en Norðurlanda.

Vegna hækkunar á verðgildi gullfrankans, miðað við íslenska krónu, hækka símskeytagjöld til útlanda frá og með 23. marz 1950 og verða sem hér segir fyrir almenn skeyti:

Norðurlönd:	Gjald fyrir orðið:
Danmörk	kr. 1.70
Færeyjar	— 1.00
Finnland	— 2.65
Noregur	— 2.00
Svíþjóð	— 2.00
Önnur helztu lönd Evrópu:	
Belgía	kr. 2.50
England	— 1.95
Frakkland	— 2.60
Holland	— 2.66
Tékkóslóvakía	— 3.05
Ítalía	— 3.00
Pólland	— 3.15
Spánn	— 2.85
Sviss	— 2.85
Þýskaland	— 2.80
Norður-Ameríka:	
1. gjaldsvæði	kr. 8.16
2. gjaldsvæði	— 9.30
3. gjaldsvæði	— 10.50
4. gjaldsvæði	— 11.40
5. gjaldsvæði	— 12.30
Argentína	— 16.70
Brazílía	— 15.20

Gjöld fyrir almenn skeyti til annarra landa, svo og gjöld fyrir aðrar tegundir skeyta til útlanda hækka í sama hlutfalli.

Símtalagjöld til útlanda verða frá sama tíma sem hér segir:

	Gjald fyrir fyrstu 3 mín.:	Gjald fyrir hverja umfram mín.:	Afturköllunar- gjald:
Danmörk	kr. 96.00	kr. 32.00	kr. 16.00
Finnland	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Noregur	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Svíþjóð	— 96.00	— 32.00	— 16.00
England	— 96.00	— 32.00	— 16.00
Þýzkaland	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Belgía	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Holland	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Frakkland	— 135.00	— 45.00	— 22.50
Sviss	— 150.00	— 50.00	— 25.00
U. S. A.	— 198.00	— 66.00	— 12.25

62

22. marz

Símtala- og símskeytagjöld innanlands haldast óbreytt.

Póstburðargjöld innanlands og til Norðurlanda haldast óbreytt, en hækka frá sama tíma til annarra landa sem hér segir:

Bréf: Fyrstu 20 g 150 aurar, fyrir hver viðbótar 20 g 90 aurar.

Bréfsþjöld: Einföld 90 aurar, tvöföld 180 aurar.

Verzlunarskjöl: Allt að 200 g 150 aurar, fyrir hver viðbótar 50 g 30 aurar.

Prent og sýnishorn: Fyrstu 50 g 60 aurar, fyrir hver viðbótar 50 g 30 aurar.

Blindraprent: Hver 1000 g 15 aurar.

Løftbréf: Bréfsefni með frímerki 175 aurar.

Póst- og símamálastjórnin, 22. marz 1950.

Guðmundur Hlíðdal.

E. Sandholt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Marius Nielsen“, út- 63
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1950. 24. marz
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Marius Nielsen.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Marius Nielsen útgerðarmanni í Kaupmannahöfn. Stofnfé sjóðsins eru 20000.00 ísl. krónur, sem hann hefur afhent Slysavarnafélagi Íslands til ráðstöfunar.

2. gr.

Sjóðurinn ber nafn gefandans.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árlegir vextir af stofnfé hans, krónur eitt þúsund, er Slysavarnafélag Íslands leggur til á næstu 10 árum, svo og annað fé, sem honum kann að áskotnast frá einstökum mönnum eða félögum.